

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 13. september 2023.

Mál nr. 434/2023:

**LOGOS slf.**

(Magnús Hrafn Magnússon lögmaður)

**gegn**

**Sjöstjórnunni ehf.**

(Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður)

**Lykilorð**

Kærumál. Hæfi dómara. Vanhæfi.

**Útdráttur**

L slf. kærði úrskurð héraðsdóms þar sem fallist var á kröfu S ehf. um að héraðsdómari viki sæti í málinu. Í hinum kærða úrskurði kom fram að málatilbúnaður S ehf. væri meðal annars reistur á atriðum sem höfðu komið til skoðunar í öðru máli félagsins þar sem sami héraðsdómari hefði átt sæti. Ljóst væri að með afstöðu sinni til þeirra atriða sem höfðu komið til skoðunar í máli sem S ehf. höfðu gegn K ehf. væru fyrir hendi aðstæður sem væru til þess fallnar að draga óhlutdrægni dómarans með réttu í efa. Staðfesti Landsréttur hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 6. júní 2023. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 2023 í málinu nr. E-5300/2022 þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um að héraðsdómari þorsteinn Magnússon viki sæti í máli varnaraðila gegn sóknaraðila. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

### Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

- 5 Sónnaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærurnálskostnað eins greinir í úrskurðarorði en ákvörðun um nálskostnað í héraði bíður efnisúrlausnar þar.

### Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sónnaraðili, LOGOS slf., greiði varnaraðila, Sjóstjörnurni ehf., 300.000 krónur í kærurnálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 2023

#### Ágreiningsefni þessa þáttar málsins

1. Sá þáttur málsins sem hér er til úrlausnar var tekinn til úrskurðar að loknum munnlegum málf lutningi 3. maí 2023 og varðar það hvort dómarninn skuli víkja sæti.
2. Sónnaraðili, Sjóstjarnan ehf., krefst þess að dómarninn víki sæti. Varnaraðili, LOGOS slf., krefst þess að þeirri kröfu sónnaraðila verði hafnað.
3. Til stuðnings kröfu sinni vísar sónnaraðili til þess að dómarninn hafi dæmt í máli nr. E-3991/2021 sem varðaði ágreining milli sónnaraðila og KPMG ehf. sem átti rætur að rekja til sömu atvika og ágreiningur þessa máls. Með því hafi dómarninn tekið afstöðu til hluta sakarefnis þessa máls og sé því vanhæfur til að fara með það í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Í umræddu máli hafi dómarninn hafnað nálsástæðum sónnaraðila þess efnis að KPMG ehf. hefði sýnt af sér saknæma háttsemi í tengslum við tiltekin atvik en í þessu máli sé einnig byggt á því að umrætt félag hafi gert það.
4. Varnaraðili telur vanhæfi ekki vera fyrir hendi, enda sé hér um að ræða annað sakarefni sem hafi ekkert með meinta saknæma háttsemi KPMG ehf. að gera.

#### Niðurstaða

5. Samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er dómari vanhæfur til að fara með mál ef fyrir hendi eru atvik eða aðstæður sem eru fallnar til að draga óhlutdrægri hans í efa með réttu, aðrar en þær sem tilgreindar eru í staflilðum a-f í sömu grein. Við mat á því hvort slíkar aðstæður séu uppi þarf að meta hvort nálsaðili hafi réttmæta eða sanngjarna ástæðu til að tortryggja óhlutdrægri dómarnans.
6. Í máli nr. E-3991/2021 var KPMG ehf. sýknað af kröfum sónnaraðila um greiðslu nánar tilgreindrar fjárhæðar og viðurkenningu á skaðabótaábyrgð vegna atvika sem þar voru til umfjöllunar. Sú niðurstaða byggðist á því að ekki hefði verið sýnt fram á að tiltekinn endurskoðandi eða aðrir starfsmenn félagsins hefðu sýnt af sér saknæma háttsemi í tengslum við skiptingu félagsins Eggerts Kristjánssonar hf. og ráðstöfun fasteignar að Skútuvogi 3 út úr félaginu til sónnaraðila. Áður hafði bú EK1923 ehf., áður Eggerts Kristjánssonar ehf., verið tekið til gjaldþrotaskipta og Hæstiréttur, með dómi 29. október 2020 í máli nr. 19/2020, fallist á riftun umræddrar ráðstöfunar með vísan til þess að um gjöf hefði verið að ræða í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
7. Í máli þessu er málatilbúnaður sónnaraðila m.a. reistur á því að varnaraðili hafi ekki gætt að fyrningu gagnvart KPMG ehf. vegna riftunarkrafna þrotabús EK1923 ehf. gegn sónnaraðila á sínum tíma. Í því sambandi byggir sónnaraðili á því að yfirgnæfandi líkur hefðu verið á skaðabótaábyrgð KPMG ehf. gagnvart sónnaraðila ef fyrning hefði ekki komið til og ef dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin hefði verið riftanleg, sem svo hafi reynst vera raunin.
8. Ljóst er að við mat á því hvort varnaraðila hefði borið að gæta að fyrningu þeirrar kröfu sem sónnaraðili byggir á að hann hafi átt á hendur KPMG ehf. þarf m.a. að líta til þess hvort varnaraðili hafi mátt ætla að sú krafa væri til, á grundvelli saknæmrar háttsemi starfsmanna KPMG ehf. Mat á því atriði tengist þannig mati á því hvort starfsmenn KPMG ehf. hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í tengslum við umrætt atvik.

Héraðsdómur Reykjavíkur tók afstöðu til þess atriðis með dómnum í máli nr. E-3991/2021, þar sem dómari þessa máls átti sæti. Að þessu virtu verður talið að fyrir hendi séu aðstæður sem séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni dómarans með réttu í efa í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Því verður fallist á kröfu sóknaraðila um að dómariinn víki sæti.

9. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Dómariinn í máli þessu, Þorsteinn Magnússon, víkur sæti í því.